

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 27. september 2023, vegna auglýsinga á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ármúla-Vegmúla-Hallarmúla vegna lóðarinnar nr. 6 við Suðurlandsbraut.

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing að breytingu á deiliskipulagi vegna Ármúli-Vegmúli-Hallarmúli - Suðurlandsbraut 6, birtist í Morgunblaðinu á morgunn, fimmtudaginn 28. september 2023. Tillagan er í kynningu frá 28. september 2023 til og með 9. nóvember 2023. Gögn er hægt að skoða á síðunni, skipulagsgátt.is. Sjá eftirfarandi slóð: www.skipulagsgatt.is

Ármúli-Vegmúli-Hallarmúli - Suðurlandsbraut 6

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 23. ágúst 2023 og borgarráðs Reykjavíkur þann 31. ágúst 2023 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ármúla-Vegmúla-Hallarmúla vegna lóðarinnar nr. 6 við Suðurlandsbraut. Í breytingunni sem lögð er til felst breyting á hæðafjölda millihúss. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má nálgast á vefnum, www.skipulagsgatt.is. Einnig má nálgast tillöguna hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30–16:00 og föstudaga kl. 8:30–14:30 frá 28. september 2023 til og með 9. nóvember 2023. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila í gegnum skipulagsgáttina eigi síðar en 9. nóvember 2023. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillöguna er hægt að senda tölvupóst á skipulag@reykjavik.is

mkv.

Þuríður Guðmundsdóttir

Skrifstofufulltrúi

Sími/Tel.: +354 +354 411 1111 / 411 1111

thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík

www.reykjavik.is

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarhvítu ef nauðsyn krefur.